



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 285

Flugfélag Íslands (nr. 2)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 285

Flugfélag Íslands (nr 2)

Flugfélag Íslands var stofnað 1. maí 1928 en áður hafði annað flugfélag verið rekið í skamman tíma á Íslandi með sama nafni og er því oft nefnt nr. 2. Forgöngumaður að stofnun félagsins var dr. Alexander Jóhannesson. Leigðar voru flugvélar, flugmenn og vélamenn af þýska flugfélaginu Lufthansa.

Valdar voru þýskar eins hreyfils flugvélar af gerðinni Junkers F-13w en þær báru fjóra farþega auk flugmanns og vélamanns. Fyrsta Junkers vélin kom með Goðafossi til landsins 29. maí 1928 og var hún nefnd *Súlan*.

Næsta sumar bættist við önnur Junkers vél sem nefnd var *Veidibjallan* og síðar bættust svo við önnur Junkers F-13w sem fékk nafnið *Álftin* og Junkers W-33 vél sem var kraftmeiri en hinar og bar einnig nafnið *Súlan*. Flugvélar var allar með flotholt enda engir flugvellar á Íslandi á þessum tíma.

Flugfélag Íslands nr. 2 var rekið til ársins 1931 þegar það varð gjaldþrota. Sumarið 1930 hafði félagið orðið fyrir tveimur áföllum sem hafði töluverð áhrif á að félagið sigldi í þrot. *Veidibjallan* hvolfdi í júní 1930 vegna mikils sjógangs við Vatnagarða og *Súlan* (Junkers W-33) skemmdist töluvert í júlí sama ár.

Félaginu var formlega slitið 22. október 1931.

Heimildir:

Eggert Norðdahl: Flugsaga Íslands í stríði og friði. Reykjavík 1991.

Skjölín voru afhent af Sævari Þorbirni Jóhannessyni 22. desember 2004. Skjölín höfðu borist honum frá Jóni Sigurðssyni, sjómanni, sem hafði fundið þau á lofti í gömlu verbúðarhúsi.

Skjalaskrá

Bók 1

Rekstur *Veidibjöllunnar* og *Álftarinnar*, Junkers F-13w 1930-1931.

Bók 2

Sjóðdagbók Flugfélags Íslands (nr. 2) 1930.

Bók 3

Sjóðdagbók Flugfélags Íslands (nr. 2) 1931.

Skráð Njörður Sigurðsson